

# Steinn Steinnar heillar

„Tíminn og vatnið hefur einkenni-  
lega sterk áhrif á fólk hvar sem er í  
heiminum, hvort sem er í Bandarík-  
junum eða Kína. Hver hefði trúð því  
fyrir fjórtíu árum að þessi maður,  
allslaus utangarðsmaður á hjara ver-  
aldar, yrði heimsnafn í bókmenntum?  
Það er skrítið lánið,“ segir Sigurður A.  
Magnússon og leggur á borð með sér



bók fulla af  
torræðum  
táknnum en  
með mynd  
framan á  
kápu af  
manni sem  
hver les-  
andi Ísland-  
ingur þekk-  
ir: Steini  
Steinnar.  
Kín-  
verski  
ljóðapýð-  
andinn  
Dong Jiping  
hefur snúið

á kínversku 227 ljóðum eftir 37 íslensk  
skáld sem hann valdi úr tveimur ljóða-  
söfnum á ensku, The Postwar Poetry  
of Iceland frá 1982 í þýðingu Sigurðar  
A. Magnússonar og Brushstrokes of  
Blue frá 1994 í þýðingu Sigurðar og  
tveggja annarra þýðenda, Bernards  
Scudder og Davids McDuff. Þetta er  
fyrsta sýnisbók íslenskra ljóða sem  
kemur út í Asíu – og reyndar fyrsta  
norræna ljóðasýnisbókin; rétt eins og  
The Postwar Poetry of Iceland var  
fyrsta norræna sýnisbók ljóða sem  
kom út í Bandaríkjunum.

Meiningin er að þessi sýnisbók  
verði sú fyrsta í röð ljóðabóka  
hvaðanæva úr heiminum á þessu  
stersta tungumáli heims og fjöl-  
mennt var á blaðamannafundi sem  
haldinn var í Peking í tilefni af út-  
gáfu hennar. Þangað komu fulltrú-  
ar frá dagblöðum, ljósvakamiðlum og bók-  
menntatimaritum. Þar var líka Sigurður A.  
Magnússon. Menn sýndu mikinn áhuga á Ís-  
landi og menningu þess og ekki síður full-  
trúa þess á staðnum. „Ein blaðakonan  
spurði hvort hún ætti að trúa því að ég væri  
skáld,“ segir Sigurður hlæjandi. „Henni



Sigurður A. Magnússon: Ljóðapýðingar hans á ensku greiða leið íslenskra ljóða um veröldina. DV-mynd BG

fannst ég alltof glaðlegur til þess að vera  
skáld!“

– Er svona lítill sýnisbók ekki bara dropi í  
ómælishaf milljarðabýðarinnar?

„Jú, auðvitað er hún ósköp lítið skref en ég  
er viss um að hún dregur þjóðirnar aðeins nær  
hvor annarri. Bandarískur gagnrýnandi sagði

á sínum tíma í grein um  
Postwar Poetry að ef menn  
vildu kynna Íslandi ættu  
þeir ekki að lesa blaðagreinar  
eða sagnfræðirit heldur þetta  
ljóðasafn – þar kynntust þeir  
sál landsins. Ég held að áhugi  
á Íslandi muni fara vaxandi í  
Kína og gott að hafa bók-  
menntirnar með í landkynn-  
ingu þar frá byrjun.“

– Nú eru 37 skáld í bókinni,  
mörg helstu skáld aldarinnar,  
af hverju er Steinn framan á  
henni?

„Kínverski þýðandinn varð  
gersamlega heillaður af  
Steini og segir að hann sé eitt  
af stórskáldum aldarinnar í  
heiminum – og hann hefur  
lesið mikið og þýtt ljóð víða  
að. Sömu orð hafa bandarísk-  
ir bókmenntafræðingar haft  
um Stein.“

Sigurður hefur stór orð um  
skefjalausán kapitalismann  
sem nú hefur tekið við af höft-  
um Maos og eftirmanna hans í  
Kína. „Þarna er ótrúlegur upp-  
gangur,“ segir hann, „brjáluð  
diskótek og næturklúbbar.  
Enginn skortur á afþreyingu af  
öllu tagi. Allur ungdómur virð-  
ist amerikanísarður, unglings-  
stúlkur allar með James Dean  
á brjóstinu. En frelsið hefur  
líka menningarlegri hlið; bóka-  
útgáfan hefur verið gefin frjál-  
s og Kínverjar eru  
spenntir fyrir  
erlendum bók-  
menntum sem  
þeir hafa ekki  
haft aðgang að  
áratugum sam-  
an.“

Þarna getur  
allt gerst,“ segir

Sigurður að lokum. „Ég er sam-  
mála þeim sem segja að Bretar  
hafi átt 19. öldina, Bandaríkja-  
menn eigi þessa öld en Kínverjar  
verði þjóð næstu aldar. Þá er  
gott að þeir hafi íslensk ljóð í  
veganesti.“

## Steinn níræður

Ljóð Steins Steinars hafa verið þýdd  
á fjölda tungumála, og eins og kemur  
fram í viðtalinu við Sigurð A. Magnús-  
son hér á síðunni telja erlendir bók-  
menntamenn Stein í hópi merkustu  
skálda heimsins á þessari  
öld. Í gær hefði Steinn  
orðið níræður ef hann  
hefði lifað, hann var  
fæddur 13. október  
1908 og lést 1958, og í  
tilefni af afmælinu  
kom út geisladiskur með lög-  
um við ljóð hans hjá Spori. Einnig  
geymir platan upptökur á lestri Steins  
sjálfs á eigin ljóðum, meðal annarra  
Tímanum og vatninu.

Platan heitir Heimurinn og ég og á  
henni eru tólf ný og gömul lög í nýjum  
upptökum við síung ljóð. Meðal þeirra  
eru hin þekktu „Barn“, „Miðvikudag-  
ur“ og „Hudson Bay“ og ný lög til dæm-  
is við „Passíusálm nr. 51“, „Heimurinn  
og ég“ og „Í kirkjugarði“. Meðal laga-  
smíða má nefna Ragnar Bjarnason,  
Bergþóru Árnadóttur, Magnús Eiriks-  
son, Jón Ólafsson og Björn Jr. Frið-  
björnsson og meðal söngvara eru KK,  
Helgi Björnsson, Ellen Kristjánsdóttir,  
Valgerður Guðnadóttir, Pálmi Gunnars-  
son og Edda Heiðrún Backman. Upp-  
töku stjórnaði Jón Ólafsson.

## Glæsileg geómetrí

Sýningin Draumurinn um hreint  
form stendur enn í Listasafni Íslands,  
yfirlitssýningin yfir geómetríka mynd-  
list á Íslandi á 6. áratug aldarinnar.  
Umsjónarmaður menningarsíðu vissi  
varla á hverju hann átti von, alltént  
ekki þeirri glöðu og tjáningarfyllu sýn-  
ingu sem blasir við á veggjum safnsins.

Það slær forðómanna kalda  
að sjá hvað listamennirnir  
eru ólíkir innbyrðis og  
hvað maður er fljótur að  
taka einn fram yfir annan  
af því hvað myndirnar  
höfðu misjafnlega sterk til  
manns. Hörður Ágústsson  
er kannski sá sem kemur  
mest á óvart með sínar  
djúpu myndir sem áhorf-  
andinn má passa sig að vill-  
ast ekki inn í og týnast þar.  
Guðmunda Andrésdóttir á  
líka óvæntar og spennandi  
myndir á sýningunni. Og  
alltaf er gaman að sjá þau  
stóru, Nínu, Þorvald, Sverri  
og Karl Kvaran. Að



ógleymdri Gerði Helgadóttur sem á  
nokkra dýrindis járnskúlpúta á neðstu  
hæðinni, furðu loftkennda miðað við  
efnið sem í þeim er.

Skemmtilegt er líka að skoða hús-  
gerðarlist sjötta áratugarins í salnum á  
jarðhæðinni og merkilegt að sjá að ekki  
er gert ráð fyrir neinum bilum tilheyr-  
andi þessum nútímalegu húsum. Hins  
vegar olli vonbrigðum hvað úrklippurn-  
ar í kjallaranum voru einsleitar. Ef þær  
gefa raunverulega mynd af umræðu um  
list tímabilsins þá var hún ekki eins  
spennandi og af er látið. Þar skrifar  
mestmegnis einn geómetrískur lista-  
maður um annan og mesta lof.

En myndirnar standa fyrir sínu.

## Ljáðu þeim eyra

Annað kvöld kl. 20.30 koma fjórir rit-  
gerðasmiðir fram á bókmenntakvöldi á  
Súfístanum, Laugavegi 18, og lesa úr  
ritgerðasöfnum sem ýmist eru væntan-  
leg eða þegar komin út. Nöfn höfunda  
eru þjóðþekkt en líklega hefur aldrei  
gefið kostur á að sjá þetta fólk allt á  
einni og sömu kvöldvökunni. Svava  
Jakobsdóttir les úr greinasafninu  
Skyggst á bak við ský sem fjallar um  
tengsl ljóða Jónasar Hallgrímssonar við  
fornan íslenskan kveðskap, Helgi Hálf-  
danarson les úr ritgerðasafninu Mold-  
uxi, rabb um kveðskap og fleira, Guð-  
bergur Bergsson les úr túlkunum sín-  
um á myndaflokknum Kenjunum eftir  
Goya og Guðmundur Andri Thorsson  
les úr greinasafninu Ég vildi að ég  
kynni að dansa.

Öllum er heimill ókeypis aðgangur  
meðan þröng húsakynninn leyfa. Ekki er  
úr vegi fyrir áhugasama að koma í  
fyrta lagi.

## Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

# Barbara og Úlfar ráða ferð

List trúðleikarans  
hefur ekki verið mikið  
sinnt hér á landi. Okk-  
ur er tamara að hlæja  
hrossahlátri að grodda-  
legri myndni en að með-  
taka það broslega í  
harmleiknum og treg-  
ann í skopinu sem eru  
einkenni hins hefð-  
bundna trúðleiks. Oftar  
en ekki framkallar  
trúðurinn hláturinn  
óvart að því er virðist  
og ýmist fer hjá sér eða  
verður steinhissa við  
undirtektirnar. Það er  
alls ekki ásetningur  
hans að koma okkur til  
að hlæja. Hláturinn  
verður til þegar hlut-  
irnir ganga ekki upp  
eins og hann hafði  
hugað sér. Þetta sagði  
Mario Gonzalez, þegar  
hann leikstýrði út-  
skriftarhóp Leiklistar-  
skólans fyrir fjórum  
árum, en þá spreyttu  
þau sig einmitt á trúð-  
leik.

Það er deginum ljósara að þau Bergur Þór  
Ingólfsson og Halldóra Geirharðsdóttir hafa  
engu gleymt síðan þau nutu handleiðslu  
Gonzalez en bæði voru þau í fyrrgreindum  
hópi. Þar urðu trúðarnir Barbara og Úlfar  
fyrst til og síðan hafa þau spunnið út frá þess-  
um karakterum og unnið áfram í því að ljá  
þeim sitt sérstaka yfirbragð og einkenni.

Í Kaffileikhúsinu eiga þau þrýðilega heima,  
andrúmsloftið er afslappað og áhorfendur, sér-  
staklega þeir í yngri kantinum, taka líflega  
undir. Þetta er spunaverk og gott svigrúm til  
að sinna innskotum og óvæntum útdrúrum,



Það er alls ekki ásetningur þeirra að koma okkur til að hlæja – en þau gera það samt. Bergur Þór Ingólfsson og Halldóra Geirharðsdóttir sem Úlfar og Barbara. DV-mynd Hilmar Þór

## Leiklist

Auður Eydal

sem Halldóra er sérlega flink í að bregðast við.  
Hún leiðir sýninguna, enda Barbara mun rögg-  
samari trúður en Úlfar, sem er eins og pínulít-  
ið inn í sig.

Fyrir utan rauð kúlunefin, hólkvíðan kjól  
Barðöru og svört fót Úlfars með of stuttum  
buxum eru ekki neinar tilfæringar í kringum

sýninguna, utan tjal-  
ið á bak við þau, sem  
er víst upphaflega  
gamlar gardínur  
(rykugar) fundnar  
uppi á hálofti hjá  
Friðu frænku. Og Eg-  
ill Ingibergsson, þriðja  
augað, er betri hjál-  
p-arkokkur en enginn  
þar sem hann stýrir  
ljósum og tónlist og  
þarf auðvitað að  
bregðast við óvæntum  
atvikum rétt eins og  
leikararnir.

Halldóra og Bergur  
hafa æft einræður,  
samtöl, söngva, dansa,  
ljóð og bænir eins og  
segir í leikskrá og  
reiða þetta fram fyrir  
áhorfendur í  
laustengdum atriðum.  
Bergur er hæglatúr og  
lunkinn trúður en  
bregður stundum á  
leik og fær þá hressi-  
legar undirtektir, eins  
og þegar hann þykist

vera Ofur-Úlfur. Halldóra leikur á marga  
strengi í túlkun sinni og hefur örugg tök á  
margvíslegum litbrigðum trúðleiksins. Atriðin  
eru skemmtileg blanda af gömlu og nýju með  
visanir í ýmsar áttir. Sýningin er jafnt fyrir  
unga sem fullorðna og eins og fyrr segir var  
stemningin fin í troðfullu Kaffileikhúsi á frum-  
sýningu.

Kaffileikhúsið og Leikhús-heimsendingarþjó-  
usta sýna í Hlaðvarpa:

Barbara og Úlfar

Spunasýning unnin af Bergi Má Ingólfssyni og  
Halldóru Geirharðsdóttur

Ljós og hljóð: Egill Ingibergsson